



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um smíðavelli

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 18. maí 2020 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga, sbr. 3. lið fundargerðar sama dag:

Lagt er til að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema í hverfinu sumarið 2020. Verkefnið getur verið hvort í senn atvinnuskapandi fyrir ungmenni á komandi sumri auk þess sem um uppbyggilega og jákvæða iðju væri að ræða fyrir börnin í hverfinu. Lagt er til að íþrótt- og tómstundasviði eða skóla- og frístundasviði verði falið að koma verkefninu á fót, hugsanlega í samstarfi við forsvarsmenn annars frístundastarfs í hverfinu.

Smíðavellir hafa ekki verið starfræktir í Reykjavík síðan sumarið 2012. Frá árinu 2013 hafa í staðinn verið stafræktar smíðjur fyrir 10-12 ára börn á vegum félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi ástæður voru fyrir breytingunum:

- Vilji til að auka fjölbreytileika verkefna og höfða til breiðara áhugasviðs barna.
- Stemma stigu við biðlistum og nýta hvert pláss betur.
- Stemma stigu við sveiflum í mætingu þátttakenda og nýta krafta starfsfólks betur.
- Efniskostnaðurinn var orðinn mjög hár og kostnaður mikill á hvern þátttakanda.

Til ársins 2012 var oft biðlisti á smíðavellina á sumrin, en mætingin var mjög misjöfn milli daga. Það að bjóða upp á styttri smíðjur hefur leitt af sér betri mætingu hjá börnunum og þá betri nýtingu á plássum og starfsfólki.

Smíðjur sem verða í boði sumarið 2020 eru t.d.: Útilega, sundferð, buslað í Krakkafossi, smíðafjör, ratleikur, bolagerð, vatnaveröld og miðbæjarfjör. Börn sem hafa tekið þátt í 10-12 ára starfi félagsmiðstöðvanna í vetur hafa fengið að hafa áhrif á það hvaða smíðjur eru í boði.

Töluverðir biðlistar hafa myndast í sumarstarf frístundamiðstöðva og hafa þeir starfsmenn sem bætt hefur verið inn vegna atvinnuátaksverkefna ekki dugað til að tæma biðlista í öllum hverfum. Það er því ekki talin ástæða til að komið verði á fót smíðavöllum fyrir grunnskólanema sumarið 2020.